

Nd.

492. Nefndarálit

[150. mál]

um frv. til laga um Verzlunarbanka Íslands h.f.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á þrem fundum. Á einum fundanna mætti viðskiptamálaráðherra og gerði grein fyrir frumvarpinu og væntanlegri reglugerð, er gert er ráð fyrir að út verði gefin samkv. 7. gr. frv. Þá ræddu einstakir nefndarmenn frv. við forráðamenn Verzlunarsparisjóðsins, og sömuleiðis var leitað um-sagnar seðlabankans um málið.

Nefndin er á einu máli um að mæla með samþykkt frv., þar sem sparisjóðs-formið sé ekki lengur heppilegt fyrir þá tegund viðskipta, sem Verzlunarsparis-jóðurinn rekur, enda bankarekstrarformið hið eðlilega fyrir svo umfangsmikil peningaviðskipti. Þá munu nefndarmenn og vera þeirrar skoðunar, að í íslenskum þjóðarþúskap geti verið æskilegt, að bankar með mismunandi rekstrarfyrirkomu-lagi, ríkisbankar, einkabankar og samvinnubankar, starfi jöfnum höndum hlið við hlið.

Við umræður um frv. og þau réttindi, sem í því felast viðvikjandi skattfrelsi o. fl., bar það á góma, hvort eigi væri sjálfsagt, að aðrir aðilar, svo sem t. d. samvinnusamtökin eða verkalyðssamtökin og samtök sveitarfélaga, yrðu og slíkra réttinda aðnjótandi, ef þau vildu koma upp banka á sama hátt og kaupmanna-samtökin nú. Er það skoðun nefndarmanna og þingflokka, sem þeir eru fulltrúar fyrir, að þau réttindi, sem með þessu frv. eru veitt Verzlunarbbankanum, skuli og veitt slíkum aðilum, ef þeir óska þess við svipuð skilyrði og hér um ræðir, og þá með samþykkt líkra laga og lagt er til í þessu frv.

Þá kom og fram sú spurning, hvort þau réttindi, sem með þessu frv. eru veitt Verzlunarbbankanum h.f., mættu gilda fyrir það hlutafélag, ef í það væri látið erlent fjármagn. Kom í ljós, að slíkt hafði ekki verið ætlun forráðamanna málsins.

Var það sameiginleg skoðun nefndarmanna og ríkisstjórnarinnar, er nefndin hafði samráð við, að það væri forsenda þeirra réttinda, er frv. veitir, að þau gildi aðeins um íslenskt fjármagn. Yrði því síðar meir breyting á þessu, þannig að erlent fjármagn kæmi inn í Verzlunarbann h.f. sem hlutafé, væru þær forsendur, sem nú eru fyrir frv., brostnar og nýtt viðhorf skapað.

Á fundi þeim, er viðskiptamálaráðherra sat með nefndinni, gat hann þess, að hann mundi í fyrirhugaðri bankareglugerð kveða svo á, að þar sem bankinn nyti skattfrelsis, mundi honum gert að skyldu að birta reikninga sína opinberlega, eins og Verzlunarsparisjóðurinn raunar hefur jafnan gert fram til þessa, og að einn af endurskoðendum reikninga bankans yrði tilnefndur af ríkisstjórninni.

Í ljósi þeirra upplýsinga, sem fram komu við athugun málsins í nefndinni og um getur í framangreindri álitsgerð, eru nefndarmenn allir sammála um að mæla með, að frv. þetta verði samþykkt.

Alþingi, 19. maí 1960.

Birgir Kjaran,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Einar Olgeirsson.

Jóhann Hafstein.

Skúli Guðmundsson.